



Sýslumaðurinn á Ísafirði

Ársskýrsla
2006





Síðasti samráðsfundur lögreglustjóra á Vestfjörðum fyrir sameiningu lögregluumdæma, haldinn í Bjarkarlundi 2006.

Inngangur


Fimmta ársskýrsla embættis sýslumannsins á Ísafirði er áfram birt eingöngu með rafrænum hætti og verður aðgengileg með fyrri ársskýrslum embættisins á www.logreglan.is. Framsetningin er með þeim hætti að að meginstefnu til verður gerð stuttlega grein fyrir helstu þáttum í starfseminni í upphafi, en í öðrum kafla er settur fram tölulegur samanburður á milli ára. Undantekning á þessu skipulagi er rekstrarkafllinn, sem settur er fram í upphafi umfjöllunar.

Dómsmálaráðuneytið og sýslumaðurinn á Ísafirði gerðu með sér árangursstjórnunarsamning þann 23. janúar 2004, til þriggja ára og er þeim samningi lokið þegar þetta er ritað. Helsti árangurinn af þeim samningi eru markvissari vinnubrögð, nánari tengsl embættisins við dómsmálaráðuneytið og fyrst og fremst nýttist samningurinn sem vegvísir eða varða í daglegu starfi.

Miklar breytingar áttu sér stað á árinu 2006, svo sem breytingar á lögregluumdæmum og tollumdæmum og breytt inntak sýslumannsembættis. Þá hefur sýslumaðurinn á Ísafirði reynt að afla frekari verkefna, meðal annars á árinu 2005 hafði embættið sóst eftir þinglýsingum skipa á landsvísu. Það verkefni fékk ekki hljómgrunn meðal útgerðarmanna og hluta sýslumanna og varð niðurstaðan sú að verklag er enn óbreytt hvað varðar þinglýsingar skipa. Vonir standa til að með breyttri afstöðu stjórnvalda til flutnings verkefna út til landsbyggðarinnar, verði hægt að sameina þinglesingu skipa á einum stað á Ísafirði.

Samkvæmt stjórnarfrumvarpi sem varð að lögum nr. 46/2006 var gerð breyting á lögreglulögum nr. 90/1996 og lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði nr. 92/1989 í þá veru að lögregluumdæmum var fækkað úr 25 í 15 og settar voru á fót sérstakar rannsóknardeildir, þar á meðal á Vestfjörðum. Lögregluumdæmi á Vestfjörðum urðu fyrir miklum breytingum með fyrrgeindum lögum, en fullyrða má að stærstu breytingarnar á landsvísu hafi verið á Vestfjörðum og á höfuðborgarsvæðinu. Lög nr. 46/2006 sameinuðu fjögur lögregluumdæmi á Vestfjörðum undir stjórn sýslumannsins á Ísafirði og settu á fót 7 rannsóknardeild á landsvísu, þar á meðal rannsóknardeild á Ísafirði undir stjórn sýslumannsins þar. Þau lögregluumdæmi sem sameinuðust voru umdæmi sýslumannsins í Bolungarvík, umdæmi sýslumannsins á Hólmavík, umdæmi sýslumannsins á Ísafirði og umdæmi sýslumannsins á Patreksfirði. Á haustmánuðum 2006 hófst undirbúningur að fullu á fyrrgeindum breytingum en þann 1. janúar 2007 tóku 15 lögreglustjórar til starfa í 15 lögregluumdæmum. Sýslumanninum á Ísafirði var falið að stýra breytingarferlinu þar sem hann var jafnframt sá sýslumaður sem tók við þeim umdæmum sem voru að sameinast. Helstu verkefni í sameiningarferlinu voru að gera breytingar á vaktskrár lögreglumanna, en þær voru mjög mismunandi eftir varðstofum og mismunandi vel í

stakk búnað að fullnægja því þjónustuhlutverki sem lögreglumenn hafa gagnað íbúum umdæmisins. Þá þurfti að gera breytingar á stjórnskipulagi lögreglunnar, en staðreyndin er sú að mjög marga yfirmenn var að finna í þeim lögreglulíðum sem voru að sameinast en slíkt gengur ekki upp þegar kemur að rekstri embættis og innra skipulagi og boðleiðum. Lögreglumenn tóku misvel í breytingarnar, þó svo á heildina lítið, hafi flestir tekið því vel að umdæmin sameinuðust og lögregluliðið yrði stærra og öflugra. Í árslok 2006 höfðu lögreglumenn komist að samkomulagi um varðskrá, en breytingar voru gerðar á öllum varðskráum umdæmanna. Ekki var hægt að komast að samkomulagi um eina varðskrá fyrir allt umdæmið, en í stað þess voru samþykktar þrjár varðskrár fyrir varðstofurnar á Hólmavík, á Ísafirði og á Patreksfirði og ákveðið var að dagvinnumaður yrði á varðstofunni í Bolungarvík. Þá var unnið að skipuriti fyrir hið væntanlega sameinaða lögreglulið og voru mjög misjafnar skoðanir lögreglumanna á því hvernig það ætti að líta út. Flestir lögreglumanna voru þó sammála um það að engar breytingar mætti gera á núverandi starfsstigum þeirra og fór svo að sýslumaður kynnti hugmyndir sínar að nýju skipuriti í október 2006 við dræmar undirtektir. Það skipurit fór síðan óbreytt til ráðherra dóms- og kirkjumála sem staðfesti það í árslok 2006 og tók skipuritið gildi þann 1. janúar 2007.



Skipurit embættisins var samþykkt af dómsmálaráðherra þann 22. desember 2006. Skipuritið tók gildi þann 1. janúar 2007.

Það er svo á Vestfjörðum, sem á flestum öðrum stöðum landinu að samsetning yfirmanna skv. starfsstigi og almennra lögreglumanna er ekki rétt ef tekið er mið af almennum viðurkenndum gildum í rekstri fyrirtækja, og verður hér sem annars staðar að stefna að því að breyta hlutfallinu og um leið gera lögreglustjórum kleift að hækka lögreglumenn í launum án þess að til komi hækkun á starfsstigi, en kjarasamningur lögreglumanna er þess eðlis að hann fjótrar lögreglustjóra og lögreglumenn í launaflokka eftir starfsstigum. Núverandi skipurit er í raun framtíðarskipulag, en virkar ekki sem skildi, þar sem fleiri yfirmenn skv. starfsstigi er að finna í liðinu en fram kemur á skipuriti og ræðast það að því að við sameininguna á landsvísu var samkomulag um að engin lögreglumaður myndi lækka í launum eða

lífeyrissréttindum, þ.a. þeir héldu þeim starfsstigum sem þeir höfðu aflað sér.

Breyting varð á tollalögum nr. 88/2005 á árinu 2006 í þá veru að fækkað var tollumdæmum úr 26 í 8 og var tollstjórum fækkað því til samræmis. Sýslumaðurinn á Ísafirði tók við tollgæslu á öllum Vestfjörðum og kom sú breyting til framkæmda í upphafi árs 2007.

Þegar kemur að lög- og tollgæslu verður að telja að árið 2006 hafi verið fríðsælt í umdæmi sýslumannsins á Ísafirði og ber að þakka það. Síðast en ekki síst ber að þakka starfsmönnum embættisins fyrir öflugt starf og gott á árinu 2006.

| | | |
|-----|--|----|
| | Efnisyfirlit | |
| | Inngangur | 2 |
| | Efnisyfirlit | 5 |
| I. | Yfirlit yfir starfsemi ársins 2006 | 6 |
| | Almennt | 6 |
| | Þjónusta | 6 |
| | Samstarf | 6 |
| | Rekstur | 6 |
| | Kjarnastarfsemi | 7 |
| 1. | Löggæsla | 7 |
| | 1.1. FML | 7 |
| | 1.2. Umferðareftirlit | 8 |
| | 1.3. Útlendingar | 8 |
| | 1.4. Eftirlit lögreglunnar á Ísafirði með vörslu skotvopna og skotfæra | 8 |
| | 1.5. Menntun | 9 |
| | 1.6. Forvarnir | 9 |
| | 1.7. Lögreglumál | 9 |
| 2. | Almenn umboðsstörf | 10 |
| | 2.1. Þinglýsingar | 10 |
| | 2.2. Sifjamál | 10 |
| | 2.3. Aðfarargerðir | 10 |
| | 2.4. Nauðungarsölur | 10 |
| | 2.5. Dánarbú | 10 |
| 3. | Innheimta opinberra gjalda | 10 |
| 4. | Tollur | 10 |
| 5. | Tryggingastofnun | 10 |
| II. | Tölulegar upplýsingar | 11 |
| 1. | Lögreglan | 11 |
| | Sektarboð áranna 2003 til 2006 | 13 |
| 2. | Umboðsstörf embættisins | 14 |
| | 2.1. Þinglýsingar | 14 |
| | 2.2. Aðfarargerðir | 14 |
| | 2.3. Nauðungarsölur | 14 |
| | 2.4. Sifjamál | 15 |
| | 2.5. Dánarbú | 16 |
| | 2.6. Hjónavígslur | 16 |
| | 2.7. Lögbókandagerðir | 16 |
| 3. | Innheimta | 17 |
| 4. | Tollur | 17 |
| 5. | Umboð tryggingastofnunar á Ísafirði | 19 |
| 6. | Ýmsar leyfisveitingar | 19 |
| | Lokaorð | 20 |

I. Yfirlit yfir starfsemi ársins 2006

Almennt

Vegna þeirra miklu breytinga sem voru á döfni á árinu 2006 á sviði löggæslu og tollamála, var hefðbundinn verkefnum sinnt af hálfu starfsfólks sýslumanns en ekki var farið út í önnur verkefni þar fyrir utan. Starfsmenn sóttu námskeið hjá Járnsíðuog er það mjög mikilvægur liður í endurmenntun starfsfólks og nauðsynlegt að starfsfólki gefist kostur á að sækja slík námskeið. Þá sóttu starfsmenn námskeið á vegum Símenntar sem starfar með Járnsíðu og er það einnig mjög mikilvægur liður í starfsemi Járnsíðu.

Þjónusta

Hugbúnaði vegna skjalastjórnunar er enn áfátt hjá embættinu, en vonir standa til að úr því verði bætt með vísan til þess að þegar er hafin vinna við að þróa Go Pro málaskrárkerfi og einhver embætti hafa þegar hafið þróunarverkefni með hið nýja kerfi. Ferlar eru nú til í flestum málaflokkum á sýsluskrifstofu og vísir að handbók er nú til hjá lögreglu.

Samstarf

Samstarf við stofnanir og félög innan umdæmis sem utan gekk mjög vel, en sérstaklega má hrósa Lögregluskólanum fyrir gott og metnaðarfullt starf og Starfsmennt fyrir Járnsíðuverkefnið. Loks skal nefnt sérstaklega, að samstarf í almannavarnanefnd hefur gengið vel, enda á þar sæti reynslumikið fólk. Ekki kom til rýminga á árinu og er það vel. Samstarfi lögreglustjóranna í Bolungarvík, á Hólmavík, á Ísafirði og á Patreksfirði lauk um áramót þegar löggæsluumdæmin sameinuðust. Er fyrrgreindum lögreglustjórum þakkað gott samstarf á liðnum árum.

Rekstur

Tekjuhali var á árinu 2006 og nam hann rúmum 3,2 milljónum króna. Tekjuafgangur ársins 2005 nam hins vegar tæpum 2,8 milljónum króna og var því tekjuhali embættisins í árslok 2006 um 400 þúsund krónur. Tekjuhalla ársins 2006 má fyrst og fremst rekja til rekstrarkostnaðar bifreiða og launakostnaðar, en umsvif embættisins jukust mikið á árinu 2006 vegna sameingarferlis lögregluumdæma og því að þáverandi sýslumaður og núverandi sýslumaður voru báðir starfandi hjá embættinu. Hér að neðan verður gerð nánari grein fyrir fjárhagsstöðu embættisins á árinu 2006.

| Rekstrarreikningur 2006 | Reikningur 2005 | Reikningur 2006 | Fjárheimildir |
|----------------------------|--------------------|--------------------|-------------------|
| Tekjur | | | |
| Sértekjur | 2.626.942 | 1.227.952 | 1.000.000 |
| Tekjur samtals | 2.626.942 | 1.227.952 | |
| Gjöld | | | |
| 101 Yfirstjórn | 66.758.667 | 71.365.954 | 77.488.974 |
| 120 Löggæsla | 95.738.886 | 102.758.758 | 84.072.839 |
| 140 Tollgæsla | 5.936.935 | 7.780.306 | 16.913.187 |
| Gjöld samtals | 171.061.430 | 181.905.018 | 178.475.000 |
| Tekjur umfram gjöld | 168.434.488 | 180.677.066 | |
| Framlag ríkissjóðs | 171.209.339 | 177.475.000 | 177.475.000 |
| Tekjuafgangur/-hali | 2.774.851 | -3.202.066 | |

| Efnahagsreikn. 31. des. 2006 | Reikningur 2004 | Reikningur 2005 | Reikningur 2006 |
|-------------------------------------|------------------------|------------------------|------------------------|
| Eignir | | | |
| Inneign hjá ríkissjóði | 5.824.278 | 6.677.002 | 2.629.726 |
| Skammtímakröfur aðrar | 3.531.375 | 3.125.695 | 37.019.162 |
| Handbært fé | 1.148.198 | 1.555.634 | 4.894.152 |
| Eignir/veltufjármunir samtals | 11.203.851 | 11.358.331 | 44.543.040 |
| Skuldir og eigið fé | | | |
| Breyting v. lokafjárlaga | 533.689 | | |
| Tekjujöfnuður ársins | 3.251.650 | -1.010.488 | -427.215 |
| Eigið fé/höfuðstóll í árslok | 3.785.339 | 2.774.851 | -427.215 |
| Skammtímaskuldir | | | |
| Yfirdráttur á bankareikn. | 14.169 | | |
| Aðrar skammtímaskuldir | 7.404.343 | 8.583.480 | 44.970.255 |
| Skuldir/skammtímaskuldir samt. | 7.418.512 | 8.583.480 | 44.970.255 |
| Skuldir og eigið fé samtals | 11.203.851 | 11.358.331 | 44.543.040 |

| 2006 | Í milljónum króna | % |
|----------------|--------------------------|------------|
| Yfirstjórn | 71.365.954 | 39,2 |
| Lögregla | 102.758.758 | 56,5 |
| Tollgæsla | 7.780.306 | 4,3 |
| Samtals | 181.905.018 | 100 |

Kjarnastarfsemi

Kjarnastarfsemi sýslumannsins á Ísafirði er sem fyrr; 1. Löggæsla, 2. Almenn umboðsstörf, 3. Tollur, 4. Innheimta og 5. Starfsemi tryggingaumboðs. Verður gerð stuttlega grein fyrir hverju og einu sviði hér á eftir, en eins og fram hefur komið verða settar fram tölulegar upplýsingar síðar í þessu skjali.

1. Löggæsla

Helstu áherslur lögreglunnar á Ísafirði á árinu 2006 voru sem fyrr fíkniefnaeftirlit, umferðareftirlit og eftirlit með útlendingum.

1.1. FML

Lögreglan er tengd fjarskiptamiðstöð lögreglu í gegnum tetra fjarskiptakerfi. Hefur sú tenging gerbreytt löggæslumöguleikum okkar þar sem allir tiltækir lögreglumenn fara á vettvang ef þess þarf og FML svarar nú erindum sem áður voru afgreidd af varðstjóra, en varðstjóri þurfti fyrir þessar breytingar að sitja inni á stöð. Bætt tetrasamband eykur enn frekar á sveigjanleika lögreglu og hefur verið kynnt að tetraæða eigi allt

landið, þar með talið Vestfirði á árinu 2007.

1.2. Umferðareftirlit

Á árinu var áfram markvisst unnið að eftirliti með umferð í umdæminu og var því framfylgt með hraðamælingum og sérstökum átaksverkefnum. Ljóst er að sífellt aukast komur ferðamanna til umdæmisins og kallar það á öflugt eftirlit sem snýr bæði að ökuhraða og ölvunarakstri. Þannig er áætlað (miðað við rannsókn sem gerð var af lögreglumönnum við embættið á árinu 2004) að 37,9 % ferðamanna sem koma til Íslands sækja Vestfirði heim. Lætur nærri að það sé tæplega 69 þúsund ferðamenn af rúmlega 181 þúsund erlendra ferðamanna sem heimsóttu landið á tímabilinu júní til ágúst 2006.

1.3. Útlendingar

Hlutfall erlendra ríkisborgara sem búa í umdæminu er hátt. Þannig er 7% allra íbúa í Ísafjarðarbæ með erlent ríkisfang en hlutfallslega er mestur fjöldi erlendra ríkisborgara með lögheimili á Flateyri eða 40,3% íbúa. Í maí 2005 voru skráð 364 atvinnuleyfi til útlendinga í umdæminu. Flest þessi leyfi eru vegna vinnu við fiskvinnslu. Eftirlit lögreglu með útlendingum er viðhaft á ýmsa vegu, t.a.m. er farið í fyrirtæki þar sem útlendingar starfa og starfsmannalisti borinn saman við útgefin dvalar- og atvinnuleyfi. Eftirliti með útlendingum er einnig sinnt meðfram hefðbundnu eftirliti s.s. við eftirlit með umferð. Þá er persónueftirliti sinnt við komur erlendra skipa og flugvéla til landsins og áhafnar- og farþegalistar athugaðir í samræmi við reglur Schengen samningsins. Í umdæminu er Ísafjarðarhöfn ein hafna “ytri landamærastöð” skv. Schengen samningnum. Ljóst er að eftirlit með útlendingum er ört vaxandi þáttur innan verkswiðs lögreglunnar og mikilvægt að vel sé haldið á með skipulögðu eftirliti. Engin hælisbeiðni kom inn á borð lögreglu árið 2006.

1.4. Eftirlit lögreglunnar á Ísafirði með vörslu skotvopna og skotfæra

Þann 29. nóvember 2004 setti lögreglustjórinn á Ísafirði reglur um geymslu skotvopna og skotfæra. Reglurnar eru grundvallaðar á 33. gr. reglugerðar um skotvopn og skotfæri nr. 787/1998 sbr. 23. gr. vopnalaga nr. 16/1998. Til þess að samræmis sé gætt milli lögsagnarumdæma voru reglurnar, í megindráttum, byggðar á reglum sem aðrir lögreglustjórar höfðu sett í sínum lögsagnarumdæmum. Þar var helst litið til reglna lögreglustjórans í Reykjavík og lögreglustjórans í Keflavík. Þá voru samhliða settar verklagsreglur um eftirlitið.

Í umdæmi lögreglustjórans á Ísafirði eru 74 einstaklingar sem eiga 4 skotvopn eða fleiri. Samtals eiga þessir einstaklingar 404 skotvopn. Stefnt var að því að fyrir árslok 2005 væri búið að heimsækja og taka út vopnageymslur hjá öllum þeim sem í ársbyrjun áttu 4 skotvopn eða fleiri. Markmið þetta náðist ekki árinu 2005 og var helst að kenna um mikilli manneklu sem hrjáði embættið. Á árinu 2006 náðist að heimsækja þá sem eftir voru og verður að segja að varsla og geymsla skotvopna þeirra sem hafa verið heimsóttir, er til fyrirmyndar. Ekki má slaka slöku við í þessum efnum sem öðrum, og er fyrirbyggjandi að grannt þarf að fylgjast með skotvopnaeign einstaklinga.

1.5. Menntun

Enn sem fyrr var lögð mikil áhersla á menntun lögreglu og hafa nú allir lögreglumenn í starfsstigum 4-7, lokið námi í stjórnun frá Lögregluskóla ríkisins. Þá fóru tveir lögreglumenn í 16 daga heimsókn til lögreglunnar í Vínarborg Austurríki til kynningar á starfsaðferðum þarlendis. Lögreglan fór í tveggja daga ferð í Reykjanes á haustmánuðum 2006, þar sem æfðar voru handtökur og sjálfsvörn. Ferðin var afar gagnleg og skemmtileg og kynntust lögreglumenn nýjum aðferðum jafnt sem að æfð voru hefðbundin tók. Öðrum lögregluliðum á Vestfjörðum var boðin þátttaka.

1.6. Forvarnir

Á árinu 2006 voru bókaðir 94 fundir eða fyrirlestrar vegna forvarnaverkefna, sem lætur nærri að lögreglan mæti í 7 til 8 skipti í hverjum mánuði á slíkan fund eða fyrirlestur.

Farið var í sérstakt fíkniefnaátak í ársbyrjun 2006 sem stóð í þrjá mánuði og fékk aðgerðin heitið „Kletturinn“ Ekki verður gefið upp hvaða starfsaðferðum var beitt en góður árangur náðist og má þakka því samheldni lögregluliðsins og áhuga manna á að efla þekkingu sína á þessu sviði. Má segja að átakið standi enn því mjög öflugt og virkt eftirlit er með mögulegum innflutningi og sölu fíkniefna í umdæminu.



Fundur lögreglumanna vegna „Kletts“



Fíkniefni vigtuð

Umferðarskólinn var haldin fyrir elstu börnin í leikskólum Ísafjarðarbæjar og Súðavík dagana 22. til 26. maí 2006. Farið var yfir umferðarreglur, hvar börnin eiga að vera við leik og hvers ber að varast. Farið var í vettvangsferðir og lögreglustöðin og slökkvistöðin skoðuð, þar sem börnin fengu meðal annars að skoða sjúkrafíreiðar. Þetta er í þriðja skiptið sem umferðarskólinn er haldinn með þessum hætti hjá lögreglunni á Ísafirði. Áberandi munur er á að heimsækja börnin í grunnskólann að hausti eftir að þau hafa fengið þessa fræðslu.

1.7. Lögreglumál

Alls voru 42 mál send frá lögreglustjóranum á Ísafirði til Héraðsdóms Vestfjarða. Þar af voru gefnar út ákærur í 35 málum. Flestar ákærurnar varða minniháttar líkamsárásir, ölvunarakstur og fíkniefnalagabrot. Alls voru 7 sektarboð send héraðsdómi til dómsáritunar.

Úrskurðir í þágu rannsóknar opinberra mála er mikilvægt rannsóknarúrræði, bæði hvað varðar rannsókn á því hvort refsiverð háttsemi hafi verið framin og hins vegar umfang brots. Lögreglustjórnin á Ísafirði lagði fram 22 kröfur um úrskurði í þágu rannsóknar opinberra mála á árinu 2006. Þar á meðal voru kröfur um húsleitir og kröfur um skýrslutöku af barni undir 18 ára aldri.

Á árinu 2006 voru sendar út 46 sektargerðir frá embætti sýslumannsins á Ísafirði. Fella þurfti niður 11 sektargerðir og leiddu 10 til útgáfu ákæru en aðrar hlutu aðra afgreiðslu. Ógreiddar sektargerðir fara til innheimtu og hefur verið samið við flesta um reglulegar niðurgreiðslur á sektunum.

2. Almenn umboðsstörf

2.1. Þinglýsingar

Þinglýsingar voru með svipuðum hætti og fyrr. Þinglýstum fasteigna-, skipa- og bifreiðaskjölum fækkaði frá fyrra ári og sama er að segja um önnur skjöl en aflýsingum fjölgaði. Nú er svo komið að allar eignir sem enn eru óstaðfestar í skráningargrunni Fasteignamats ríkisins eru svokallaðar misræmiseignir, þar sem óljóst er um einhverja þá þætti sem fyrir þurfa að liggja til að fasteign hljóti staðfestingu í skrána.

2.2. Sifjamál

Alls voru 92 sifjamál til meðferðar hjá embættinu árið 2006 og var 75 þeirra lokið með efnislegri niðurstöðu. Ekki er að merkja sérstaka breytingu á milli ára í einstaka málaflokki. Sifjamál eru án efa einn erfiðasti málaflokkur embættisins. Í árslok 2005 var 16 málum ólokið

2.3. Aðfarargerðir

Alls bárust 519 nýjar aðfararbeiðnir á árinu 2006 en til meðferðar voru 810 beiðnir. Fyrirtökur aðfarargerða eru fyrsta fimmtudag hvers mánaðar og fyrirtökur samkvæmt lögregluboðun þriðjudaginn þar á eftir. Almennt láta menn til segjast eftir símtal frá lögreglu um að nærveru þeirra sé óskað við fyrirtöku og kemur það því sjaldan fyrir að menn eru fluttir með lögregluvaldi til fyrirtöku þó það sé ekki óþekkt.

2.4. Nauðungarsölu

Alls bárust 85 nýjar nauðungarsölubeiðnir á árinu 2006, þar af voru 12 fasteignir seldar nauðungarsölu hjá embættinu og er það töluverð fækkun frá árunum 2004 og 2005. Af 115 málum sem komu til meðferðar var 84 málum lokið þannig að gerðarþolar fengu nauðungarsölu afturkallaða með samkomulagi við gerðarbeiðendur.

Á árinu 2006 bárust 2 nýjar beiðnir um sölu lausafjár en alls voru 3 beiðnir til meðferðar. Haldið var eitt lausafjáruppböð á árinu og lauk því með sölu lausafjárins.

2.5. Dánarbú

Á árinu 2006 bárust 34 tilkynningar um andlát og voru alls 48 dánarbú til meðferðar á árinu. Meðferð þeirra lauk með þeim hætti að 9 einstaklingar fengu leyfi til setu í óskiptu búi en skiptum var lokið í 22 málum. Í árslok 2006 var skiptum ólokið í 17 málum.

3. Innheimta opinberra gjalda

Innheimtuárangur var sambærilegur á árinu 2006 og 2005. Við sömu vandamál er að etja ár hvert, þ.e. erfiðlega gengur að ljúka skiptum þrotabúa, og áætlanir eru of margar, sem lítið er hægt að gera að embættisins hálfu. Um fáa einstaklinga og fyrirtæki er að ræða sem valda því að innheimtuárangur reiknast með þessum hætti. Alls voru 19 gjaldþrotáurskurðir á árinu – samanborið við 14 á árinu 2005. Á árinu var beitt þeim úrræðum sem embættið hefur til innheimtu, 3 fyrirtæki voru innsigluð á árinu, klippt var af 2 bifreiðum, en flestir gengu frá sínum málum áður en til lokana kom. Eins og fyrr eru áætlanir helsta vandamál við innheimtu. Ef árangur á að nást þarf að breyta þeim reglum sem gilda um stofnun virðisaukaskattsnúmers og opnun á staðgreiðsluskil.

4. Tollur

Starfsemi tolls var með hefðbundum hætti. Óveruleg fækkun varð á tollafgreiðslum en samsvarandi fjölgun í skipa- og flugafgreiðslum. Þá varð veruleg aukning í nýskráningum farmskráa og í útgáfu og endurnýjun atvinnuskírteina skipstjórnar- og vélstjórnarmanna. Þá aukningu má rekja til lagabreyttinga er gengu í gildi um áramótin 2006/2007, en þá færðist útgáfa fyrrgreindra atvinnuskírteina til Siglingamálastofnunar. Engar haldlagningar áttu sér stað á árinu.

5. Tryggingastofnun

Starfsemi tryggingaumboðs var með svipuðum hætti og fyrra ár. Úrskurðum fækkaði í tengslum við sjúkratryggingar, og fækkaði örlítið í lífeyrisdeild, en með samanburð við árið 2004 hefur þessum úrskurðum fjölgað og er því munurinn milli ára vart marktækur. Vinnuálag jókst mikið á árinu vegna aukningar við gerð tekjuáætlana, endurreiknings og upplýsingjafa lífeyrigreiðslna. Komum lífeyrisþega á skrifstofuna fjölgaði einnig umtalsvert. Brýnt hefur verið að bæta úr aðstöðu fyrir þá sem bíða eftir afgreiðslu hjá tryggingaumboði og hefur Albína Thordarson, arkitekt þegar lagt fram teikningar að breytingum á starfsaðstöðu og móttöku viðskiptavina.

II. Tölulegar upplýsingar

1. Lögreglan

| Nokkrir brotaflokkar – viðmið milli ára | | 2004 | 2005 | 2006 |
|---|---|------------|------------|------------|
| 1506 | Líkamsárás, (217) | 18 | 30 | 20 |
| 1507 | Líkamsárás, líkamsmeiðingar minni (218.1) | 2 | 12 | 2 |
| 1508 | Líkamsárás, líkamsmeiðingar meiri (218.2) | 0 | 4 | 1 |
| 1801 | Innbrot | 2 | 13 | 4 |
| 1851 | Þjófnaður (244) | 27 | 41 | 13 |
| 2101 | Eignaspjöll (minni 257.1) | 35 | 36 | 38 |
| 2103 | Nytjastuldur (259.1) | 3 | 4 | 1 |
| 3851 | Fíkniefni - dreifing, sala | 6 | 2 | 6 |
| 3853 | Fíkniefni - varsla, neysla | 8 | 9 | 20 |
| 3879 | Ýmis fíkniefnabrot | 4 | 9 | 1 |
| 3854 | Fíkniefni - framleiðsla | 1 | 1 | 2 |
| 7046 | Afstunga (10. gr.) | 19 | 23 | 19 |
| 7303 | Of hraður akstur | 171 | 180 | 194 |
| 7410 | Ölvun við akstur (45. gr.) | 24 | 32 | 23 |
| 7426 | Sviptur ökurétti (48. gr.) | 0 | 4 | 2 |
| 7428 | Án ökuskírteinis(48. gr.) | 10 | 21 | 21 |
| 7551 | Án öryggisb. (71. gr.) | 15 | 23 | 21 |
| 7991 | Umferðaróhapp, eignatjón | 80 | 112 | 136 |
| 8204 | Slys - mannlát | 2 | 0 | 1 |
| 8205 | Slys - líkamstjón | 16 | 34 | 36 |
| 9805 | Ekið á búfé | 2 | 8 | 11 |
| Samtals | | 448 | 604 | 572 |

Haldlögð fíkniefni

Ár 2003

| Tegund | Nánar | Haldl. | Gr. | Stk. |
|-----------------|-------------|-----------|---------------|----------|
| Kannabis | Hass | 9 | 339,33 | |
| Kannabis | Maríhúana | 1 | 0,38 | |
| Kannabis | Blandað | 7 | 2,38 | |
| Kannabis | Fræ | | | |
| Ofskynjun | Sveppir | | | |
| Örvandi | E-pillur | | | |
| Örvandi | Kókaín | | | |
| Örvandi | Amfetamín | 1 | 2,25 | |
| Ripp fuel | Töflur | 1 | | 1 |
| Óþekkt | Óskilgreint | 2 | 32,42 | |
| Samtals: | | 21 | 376,76 | 1 |

Ár 2004

| Tegund | Nánar | Haldl. | Gr. | Stk. |
|-----------------|-------------------|-----------|---------------|-----------|
| Kannabis | Hass | 5 | 114,91 | |
| Kannabis | Maríhúana | 1 | 0,09 | |
| Kannabis | Blandað | | | |
| Kannabis | Plöntur | 6 | 2,90 | 2 |
| Ofskynjun | Sveppir | | | |
| Örvandi | E-pillur | | | |
| Örvandi | Kókaín | | | |
| Örvandi | Amfetamín | 2 | 3,01 | |
| Ripp fuel | Efedrin töflur | 1 | | 47 |
| Óþekkt | Óskilgreint | 1 | 2,49 | |
| Samtals: | | 16 | 123,40 | 51 |

Ár 2005

| Tegund | Nánar | Haldl. | Gr. | Stk. |
|-----------------|-------------|-------------|--------------|----------|
| Kannabis | Hass | 3 | 26,97 | |
| Kannabis | Maríhúana | 1 | 4,94 | |
| Kannabis | Blandað | 3 | 0,93 | |
| Kannabis | Plöntur | 1 | 1,98 | |
| Ofskynjun | Sveppir | 1 | 0,70 | |
| Örvandi | E-pillur | | | |
| Örvandi | Kókaín | 1 | 11,89 | |
| Örvandi | Amfetamín | 1 | 2,25 | |
| Ripp fuel | Töflur | | | 1 |
| Óþekkt | Óskilgreint | 1 | 0,15 | 3 |
| Samtals: | | 11,0 | 47,56 | 3 |

Ár 2006

| Tegund | Nánar | Haldl. | Gr. | Stk. |
|-----------------|-------------|-----------|---------------|-----------|
| Kannabis | Hass | 11 | 315,28 | |
| Kannabis | Maríhúana | 1 | 1,0 | |
| Kannabis | Blandað | 1 | 1,45 | |
| Kannabis | Plöntur | 2 | | 9 |
| Ofskynjun | Sveppir | 1 | 3,69 | |
| Örvandi | E-pillur | | | |
| Örvandi | Kókaín | | | |
| Örvandi | Amfetamín | 4 | 29,21 | |
| Lyf | Hormónalyf | 2 | | 38 |
| Óþekkt | Óskilgreint | 4 | 27,68 | 37 |
| Samtals: | | 28 | 378,31 | 84 |

| Málafjöldi | 2005 | 2006 |
|-------------------|-------------|-------------|
| Málaflokkur | Málaskrá | Málaskrá |
| Hegningarlagabrot | 196 | 111 |
| Sérrefsilagabrot | 192 | 110 |
| Umferðarlagabrot | 624 | 390 |
| Verkefni | 2025 | 2786 |
| Skylduverk | 69 | 64 |
| Samtals | 3106 | 3461 |

| Fangageymslur lögreglunnar | | | |
|-----------------------------------|--------|-------|---------|
| | Karlar | Konur | Samtals |
| 2003 | 71 | 12 | 83 |
| 2004 | 66 | 14 | 80 |
| 2005 | 77 | 15 | 92 |
| 2006 | 68 | 8 | 76 |

| Akstur bifreiða lögreglunnar | | | |
|-------------------------------------|---------|---------|----------------|
| | 2004 | 2005 | 2006 |
| Kílómetrar | 121.692 | 126.648 | 107.745 |

Sektarboð árána 2003 til 2006

| Sektarboð | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 |
|-----------------------|-------------|-------------|-------------|-------------|
| Útsend sektarboð: | 683 | 377 | 260 | 329 |
| Greidd sektarboð: | 500 | 268 | 218 | 257 |
| Dómsáritun: | 94 | 31 | 26 | 16 |
| Ákæra-dómur: | 4 | 3 | 1 | 0 |
| Ógr. f/ afsláttardag: | 5 | 1 | 0 | 13 |
| Í ítrekun: | 6 | 37 | 4 | 39 |
| Ógr. e/afsláttardag: | 74 | 37 | 11 | 4 |

2. Umboðsstörf embættisins

2.1. Þinglýsingar

| Skýringar: | 2004 | 2005 | 2006 |
|-------------------------|------|------|------|
| Þinglýst fasteignaskjöl | 1697 | 1515 | 1479 |
| Þinglýst bifreiðaskjöl | 249 | 300 | 198 |
| Önnur skjöl | 65 | 85 | 40 |
| Bátar og skip | 426 | 378 | 318 |
| Aflýst skjöl | 1140 | 1520 | ? |

2.2. Aðfarargerðir

| Skýringar: | 2004 | 2005 | 2006 |
|----------------------------|------|------|------|
| Nýjar beiðnir | 587 | 532 | 519 |
| Beiðnir alls til meðferðar | 755 | 758 | 810 |
| Beiðnum alls lokið | 529 | 467 | 497 |
| Beiðnum ólokið | 226 | 291 | 313 |

2.3. Nauðungarsölur

Fasteignir og skip

| Skýringar: | 2004 | 2005 | 2006 |
|--------------------|------|-------------|------|
| Nýjar beiðnir | 122 | 127 | 85 |
| Alls til meðferðar | 148 | 134 | 115 |
| Seldar eignir | 30 | 18 | 12 |
| Lokin mál | 132 | 113 | 84 |
| Ólokin mál | 7 | 30*leiðrétt | 16 |

Lausafé

| Skýringar: | 2004 | 2005 | 2006 |
|--------------------|------|------|------|
| Nýjar beiðnir | 7 | 6 | 2 |
| Alls til meðferðar | 11 | 8 | 3 |
| Seldar eignir | 3 | 2 | 3 |
| Lokin mál | 5 | 5 | 3 |
| Ólokin mál | 2 | 1 | 0 |

2.4. Sifjamál

Skilnaðarmál

| Skýringar | 2004 | 2005 | 2006 |
|-------------------------|------|-------------|------|
| Ný mál | 21 | 25 | 18 |
| Alls til meðferðar | 24 | 26 | 23 |
| Afgreidd mál alls | 23 | 21*leiðrétt | 21 |
| Óafgreidd mál um áramót | 1 | 5*leiðrétt | 2 |

Sambúðarslit

| Skýringar | 2004 | 2005 | 2006 |
|-------------------------|------|------|------|
| Ný mál | 8 | 6 | 7 |
| Alls til meðferðar | 12 | 6 | 7 |
| Afgreidd mál alls | 12 | 6 | 6 |
| Óafgreidd mál um áramót | 0 | 0 | 1 |

Faðernis og meðlagsmál

| Skýringar | 2004 | 2005 | 2006 |
|-------------------------|------|------|------|
| Ný mál | 18 | 13 | 6 |
| Alls til meðferðar | 18 | 13 | 10 |
| Afgreidd mál alls | 18 | 8 | 10 |
| Óafgreidd mál um áramót | 0 | 5 | 0 |

Almenn meðlagsmál

| Skýringar | 2004 | 2005 | 2006 |
|-------------------------|------|------------|------|
| Ný mál | 16 | 9 | 10 |
| Alls til meðferðar | 18 | 14 | 11 |
| Afgreidd mál alls | 13 | 6 | 8 |
| Óafgreidd mál um áramót | 5 | 1*leiðrétt | 2 |

Forsjár og meðlagsmál

| Skýringar | 2004 | 2005 | 2006 |
|-------------------------|------|------|------|
| Ný mál | 13 | 8 | 9 |
| Alls til meðferðar | 18 | 9 | 12 |
| Afgreidd mál alls | 17 | 6 | 11 |
| Óafgreidd mál um áramót | 1 | 3 | 1 |

Umgengismál

| Skýringar | 2004 | 2005 | 2006 |
|-------------------------|------|------------|------|
| Ný mál | 12 | 11 | 10 |
| Alls til meðferðar | 17 | 17 | 15 |
| Afgreidd mál alls | 11 | 9 | 9 |
| Óafgreidd mál um áramót | 6 | 5*leiðrétt | 6 |

Mál skv. 62. gr. barnalaga (menntunarframlag)

| Skýringar | 2004 | 2005 | 2006 |
|-------------------------|------|------------|------|
| Ný mál | 7 | 5 | 6 |
| Alls til meðferðar | 7 | 7 | 8 |
| Afgreidd mál alls | 5 | 3 | 4 |
| Óafgreidd mál um áramót | 2 | 2*leiðrétt | 4 |

Mál skv. 60. gr. barnalaga (framlag vegna ferminga og flr.)

| Skýringar | 2004 | 2005 | 2006 |
|-------------------------|------|------------|------|
| Ný mál | 5 | 6 | 5 |
| Alls til meðferðar | 7 | 6 | 6 |
| Afgreidd mál alls | 7 | 3 | 6 |
| Óafgreidd mál um áramót | 0 | 1*leiðrétt | 0 |

2.5. Dánarbú

| Skýringar | 2004 | 2005 | 2006 |
|------------------------------|------|------|------|
| Ný mál | 28 | 30 | 34 |
| Alls til meðferðar | 45 | 40 | 48 |
| Skiptalok | 28 | 17 | 22 |
| Leyfi til setu í óskiptu búi | 7 | 9 | 9 |
| Skiptum ólokið um áramót | 10 | 14 | 17 |

2.6. Hjónavígslur

| Skýringar | 2004 | 2005 | 2006 |
|----------------------|------|------|------|
| Hjónavígslur samtals | 3 | 5 | 5 |

2.7. Lögbókandagerðir

| Skýringar | 2004 | 2005 | 2006 |
|-----------------------|------|------|------|
| Erfðarskrá | 5 | 9 | 5 |
| Kaupmálar | 4 | 5 | 1 |
| Önnur skjöl og gerðir | 20 | 16 | 26 |
| Skráðir kaupmálar | 0 | 5 | 1 |

2.8. Leyfi fyrir sölu skotelda

| Skýringar | 2004 | 2005 | 2006 |
|------------------------------|------|------|------|
| Leyfi fyrir sölu skotelda | 5 | 6 | 5 |
| Leyfi fyrir skoteldasýningum | 7 | 9 | 10 |
| Brennuleyfi | 15 | 16 | 14 |

2.9. Ýmis önnur leyfi

| Skýringar | 2004 | 2005 | 2006 |
|----------------------|------|------|------|
| Útgefin meistarabréf | 4 | 4 | 2 |
| Útgefin sprengileyfi | 2 | 0 | 1 |
| Eiturefnaleyfi | 1 | 1 | 0 |

3. Innheimta

Innheimtuárangur Staða miðað 1.1.2007

| Skýringar: | 2004 | 2005 | 2006 |
|-------------------|--------|-------|-------|
| Staðgreiðsla | 96,90% | 97,4% | 98,1% |
| Virðisaukaskattur | 97,38% | 96,6% | 98,7% |
| Opinber gjöld | 71,60% | 77,3% | 78,4% |

4. Tollur

| Skýringar | 2005 | 2006 |
|-------------------------|------------|------------|
| Pappírsskýrslur | 61 | 39 |
| EDI- og VEF afgreiðslur | 143 | 111 |
| Samtals: | 204 | 150 |

Skipaafgreiðslur

| Skýringar | 2005 | 2006 |
|----------------------|-----------|-----------|
| Innafgreiðslur skipa | 25 | 24 |
| Útafgreiðslur skipa | 17 | 28 |
| Samtals: | 42 | 52 |

Flugafgreiðslur

| Skýringar | 2005 | 2006 |
|-------------------------|-----------|-----------|
| Innafgreiðslur flugvéla | 16 | 19 |
| Útafgreiðslur flugvéla | 18 | 17 |
| Samtals: | 34 | 36 |

SMT / sía

| Skýringar | 2005 | 2006 |
|---------------------|------|------|
| Óskað eftir skjölum | 18 | 12 |

Vöruskoðun

| Skýringar | 2005 | 2006 |
|--------------|------|------|
| Vöruskoðanir | 18 | 21 |

Skemmtiferðaskip

| Skýringar | 2005 | 2006 |
|-------------------------|------|------|
| Fjöldi skipa | 20 | 22 |
| Vaktstaða um borð /klst | 343 | 0 |

Farmskrá

| Skýringar | 2005 | 2006 |
|---|------|------|
| Nýskráningar | 15 | 32 |
| Umskráningar, uppskiptingar og breytingar | 19 | 14 |

Skýrslur

| Skýringar | 2005 | 2006 |
|----------------------|----------|----------|
| Förgun, tjón, vöntun | 1 | 0 |
| Tollalagabrot | 2 | 1 |
| Lögskráningarbrot | 0 | 0 |
| Aðrar skýrslur | 0 | 0 |
| Samtals: | 3 | 1 |

Útgefin og endurnýjuð atvinnuskírteini

| Skýringar | 2005 | 2006 |
|---|------|------|
| Útgefin og endurnýjuð skipstjórnarskírteini | 48 | 54 |
| Útgefin og endurnýjuð vélstjórnarskírteini | 37 | 42 |

Haldlagt

| Skýringar | 2005 | 2006 |
|--------------------------|------|------|
| Áfengi (<i>sterkt</i>) | 0 | 0 |
| Áfengi (<i>létt</i>) | 0 | 0 |
| Bjór | 0 | 0 |
| Annað | 0 | 0 |

Endurskoðun

| Skýringar | 2005 | 2006 |
|-------------------------|------|------|
| Fjöldi fyrirtækja | 0 | |
| Fjöldi skýrslna | 0 | |
| Fjöldi athugasemda | 0 | |
| Gjöld til lækkunar / kr | 0 | |
| Gjöld til hækkunar / kr | 0 | |

Annað

| Skýringar | 2005 | 2006 |
|--|------|------|
| Áfengi og tóbak afgreitt úr tollfrjálsri birgðageymslu | 8 | 6 |

5. Umboð tryggingastofnunar á Ísafirði

Afgreiddir reikningar í sjúkratryggingum

| Skýringar | 2005 | 2006 |
|----------------------------|-------|------|
| Afgreiddir reikningar | 2.327 | 2156 |
| Afgreidd E-111vottorð | 75 | 6 |
| Úrskurðaður ferðakostnaður | 336 | 306 |

Úrskurðir í lífeyrisdeild

| Skýringar | 2005 | 2006 |
|------------------------|------|------|
| Fjöldi úrskurða | 835 | 829 |
| Fæðingarorlofsumsóknir | 40 | 58 |

Greiðsla vegna lífeyristrygginga og flr.

| Skýringar | 2005 | 2006 |
|------------------------------------|--------------------|--------------------|
| Greiðslur vegna lífeyristrygginga | 410.656.792 | 419.824.274 |
| Félagsleg aðstoð lífeyristrygginga | 109.212.070 | 119.103.986 |
| Slysatryggingar | 1.323.960 | 788.963 |
| Vistunarframlag | 21.790.206 | 23.275.696 |
| Samtals | 542.983.028 | 562.992.919 |

Greiðslur vegna sjúkratrygginga

| Skýringar | 2005 | 2006 |
|---------------------------------------|-------------------|-------------------|
| Greiddir sjúkradagpeningar | 2.691.012 | 3.638.104 |
| Tannlæknakostnaður | 13.250.771 | 13.650.574 |
| Ferðakostnaður sjúklinga | 14.175.691 | 14.620.585 |
| Endurgreiðsla vegna afsláttarkorta | 156.219 | 251.037 |
| Ferðakostnaður vegna dvarlarkostnaðar | 30.560 | 36.800 |
| Sjúkraflutningur v/fylgdarmanns | | 26.167 |
| Sjúkratryggðir-endurgreiðsla | | 12.630 |
| Samtals | 30.304.253 | 32.235.897 |

6. Ýmsar leyfisveitingar

| Skýringar | 2004 | 2005 | 2006 |
|-----------|------|------|------|
|-----------|------|------|------|

Ökuréttindi

| | | | |
|-------------------------------------|-----|-----|-----|
| Umsóknir um ökuskírteini | 435 | 501 | 434 |
| Æfingaaksturs- og leiðbeinendaleyfi | 99 | 278 | 328 |

Vegabréf

| | | | |
|------------------|-----|-----|-----|
| Útgefin vegabréf | 477 | 476 | 594 |
|------------------|-----|-----|-----|

Skoteldar

| | | | |
|-------------------------|----|----|----|
| Leyfi til sölu skotelda | 5 | 6 | 5 |
| Skoteldasýningar | 7 | 9 | 10 |
| Brennuleyfi | 15 | 15 | 14 |

Skotvopnaleyfi

| | | | |
|--|----|----|----|
| Skotvopnanámskeið – flokkur A | 7 | 9 | 15 |
| Aukin skotvopnaréttindi – flokkur B | 14 | 26 | 14 |
| Aukin skotvopnaréttindi – flokkur D | 0 | 2 | 0 |
| Endurnýjun skotvopnaleyfis | 22 | 10 | 20 |
| Heimild til að eignast skotvopn | 59 | 74 | 55 |
| Alþjóðlegt innflutningsleyfi skotvopna | 0 | 1 | 0 |
| Leyfi til að flytja vopn úr landi | 0 | 1 | 1 |
| Samþykktar vopnageymslur | 0 | 39 | |

Ýmis önnur leyfi

| | | | |
|-----------------------------------|-------------|-------------|----|
| Útgefin meistarabréf | 4 | 4 | 2 |
| Útgefin sprengileyfi | 2 | 0 | 1 |
| Leyfi til að kaupa sprengiefni | 7 | 6 | 4 |
| Leyfi til flutnings á sprengiefni | 20 | 24 | 16 |
| Önnur flutningsleyfi | 6 | 12 | 23 |
| Veitinga- og gististaðir | 20 | 29 | 39 |
| Gisti- og hótellefni | 8 | 12 | 7 |
| Skemmtanaleyfi | 74 | 55 | 60 |
| Samtals útgefin leyfi | 1281 | 1589 | |

Lokaorð

Ársskýrslan er sett fram til að gefa raunsanna mynd af starfsemi ársins 2006, bæði því sem vel gekk og því sem betur mætti fara. Þannig er skýrslan ágætt tæki við stefnumótun embættisins. Markmið embættisins er að efla þjónustu við borgara umdæmisins og tryggja öryggi þeirra og velverð á sem hagkvæmasta máta.